

# GAGNKVÆM FÉLAGSLEG AÐLÖGUN

- nemenda með íslensku sem annað tungumál og nemenda með íslensku að móðurmáli

- Er starfrækt teymi í skólanum sem skipuleggur gagnkvæma félagslega aðlögun?
- Hefur áætlun um fjölmennarlega kennslu verið unnin í skólanum?
- Er áætlunin aðgengileg á heimasíðu skólans?
- Er áætluninni framfylgt?
- Eru upplýsingar í skólanámskrá um gagnkvæma félagslega aðlögun nemenda með íslensku sem annað tungumál og þeirra sem fyrir eru?
- Eru upplýsingarnar aðgengilegar á heimasíðu skólans?
- Er unnið með viðfangsefnið í lífsleikni og fleiri greinum?
- Hafa námskeið um fjölmenningu og/eða millimenningu verið haldin í skólanum?
- Fá nemendur og foreldrar með íslensku sem annað tungumál kynningu í skólanum á félagsstarfi og tómskundatilboðum?
- Verða nemendur með íslensku sem annað tungumál, í meira eða minna mæli en aðrir nemendur, fyrir einhverju eftirfarandi?  
a) Einelti b) Höfnun c) Fordómum d) Að vera afskipt
- Taka nemendur með íslensku sem annað tungumál mikinn eða lítinn þátt í félags og tómskundastarfi?
- Ef þeir taka lítinn eða engan þátt, hverjar eru helstu ástæður þess?  
a) Virðast ekki hafa áhuga  
b) Virðast ekki hafa efni á þátttöku  
c) Búa of langt í burtu frá vettvangi félagsstarfsins  
d) Nemendur of óframfærnir og feimnir til að taka þátt  
e) Nemendur neikvæðir og vilja ekki umgangast hina nemendurna
- Eru nemendur með íslensku sem annað tungumál hvattir í skólanum til að taka þátt í félags- og tómskundastarfi?
- Eru foreldrar nemenda með íslensku sem annað tungumál hvattir til að heimsækja skólann?

teymi  
vinahópar  
kynning  
bekkurinn  
áætlun  
hvatning  
vinafjölskylda  
félags-og-tómskundastarf  
nemandi-aðstoðar-nemanda  
foreldrafélag  
upplýsingar  
þátttaka  
stuðningur

- Eru foreldrar nemenda með íslensku sem annað tungumál hvattir til að taka þátt í foreldrafélagi skólans?
- Fá fjölskyldur nemenda með íslensku sem annað tungumál íslenska stuðningsaðila (vinafjölskyldu)?
- Er foreldrafélag skólans hvatt til að bjóða foreldrum nemenda með íslensku sem annað tungumál þátttöku í félaginu? Ef já, hvernig var það gert?  
a) Skrifuð boð á íslensku send heim með nemanda  
b) Skrifuð boð á tungumáli viðkomandi send heim  
c) Hringt í foreldra  
d) Farið heim til nemenda
- Eru vinahópar starfræktir í bekkjum skólans?
- Reyna kennarar með markvissum hætti að koma á sambandi á milli nemenda með íslensku sem annað tungumál og bekkjarfélaga þar sem einn eða fleiri nemendur aðstoða við aðlögunina og námið?
- Er stuðningskerfi fyrir hendi í skólanum þar sem eldri nemandi tekur nemanda með íslensku sem annað tungumál undir sinn verndarvæng og aðstoðar við félagslega aðlögun hans?
- Eru foreldrar yngri nemenda með íslensku sem annað tungumál hvattir til að nýta sér frístundastarf eftir skóla?
- Hvað fleira er gert?